



## Gleði - Vinátta - Samvinna - Virðing

### Fundargerð skólaráðs Stapaskóla.

Fyrsti fundur haldin í Stapaskóla 16.mars 2020 kl. 16.15-16.50

Mættir; Gróa Axelsdóttir skólastjóri, Heiða Mjöll Brynjarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Lísa Mjöll Ægisdóttir fulltrúi kennara, Sigríður Heiða Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna, Guðrún M. Þorgeirsdóttir formaður foreldrafélagsins og Regína Hrönn Sigurðardóttir fulltrúi foreldra. Sigvaldi Arnar Lárusson fulltrúi grenndarsamfélagsins og Jóna Helena Bjarnadóttir fulltrúi kennara forfölluðust.

#### Dagskrá:

- 1.mál. Skóladagatal 2020-2021 lagt fram til samþykktar
- 2.mál. Fyrirkomulag námsmats við Stapaskóla
- 3.mál. Áherslur næsta skólaárs
- 4.mál. Önnur mál

#### **1.mál. Skóladagatal 2020-2021 lagt fram til samþykktar**

Gróa Axelsdóttir skólastjóri kynnti skóladagatal og útskýrði einstaka þætti svo sem skiptingu starfsdags milli yngra og eldra stigs. Ein athugasemd kom um árshátíð nemenda sem áætluð er á fimmtudegi. Útskýrð var ástæða vali þessa dags sem tengist frágangi og skiptingu skólastiga á árshátíðardaginn. Skóladagatal var samþykkt samhljóða.

#### **2.mál. Námsmat við Stapaskóla**

Kynnt var námsmat við Stapaskóla og hvernig því er háttað. Skólinn er að tileinka sér leiðsagnarmat, þar sem nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir skólaárið. Þá gefst kennurum og nemendum tækifæri að ígrunda eigið starf og nám með símati. Nemendur fá einn vitnisburð að vori. Umræður komu í kjölfarið um námsferil nemenda þegar þeir flytjast milli skóla.

#### **3.mál. Áherslur næsta skólaárs**

Næsta skólaár er uppbyggingarár Stapaskóla. Áhersla verður á *sambættingu* og *teymiskennslu* ásamt því að efla starfsmannahópinn í *uppeldi til ábyrgðar* sem er stefna skólans. Einnig verður farið í *vaxtarhugarfar* (e. growth mindset) sem byggir á að nemandi geti þróað hæfileika sína og hæfni með vinnusemi, góðum aðferðum og hjálp frá öðrum.

#### **4.mál. Önnur mál**

- a. Fyrirkomulag og ráðningar starfsmanna fyrir næsta skólaár aðeins rætt.
- b. Aðlögun á leikskólastig verður í takt við grunnskólastigið. Eldri börn leikskólastigs munu koma til skólaþingar á sama tíma og grunnskólabörn. Yngri börn verða aðlöguð í kjölfarið. Stefnt er á að öll börn verði byrjuð í Stapaskóla í lok september 2020.
- c. Kennslufyrirkomulag næstu viku rætt. Bekkjum er skipt í tvo hópa þar sem kennsla verður annan hvern dag. Frístund lokar kl. 16 í stað 16.15. tímar og aðstæður eru fljótar að breytast.

Fundi slitið kl. 16.50

Fundargerð ritaði:



## Gleði - Vinátta - Samvinna - Virðing

Heiða Mjöll Brynjarsdóttir,  
aðstoðarskólastjóri Stapaskóla